

Eco-Garden ehf.
Lambhagavegi 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2024
UST202404-342/M.M.K.
07.07.02

Efni: Niðurstaða eftirlits - Málslok - Tímabundin stöðvun á markaðssetningu Dicophar SL

Vísað er til eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna markaðssetningar Eco-Garden ehf. á vörunni Dicophar SL dags. 14.5.2024 og bréfs stofnunarinnar dags. 23.5.2024 um tímabundna stöðvun markaðssetningar sömu vöru. Í síðarnefnda bréfinu kom fram að gripið væri til stöðvunarinnar þar sem eftirlitið hefði leitt í ljós að vöruna skorti markaðsleyfi skv. 1. mgr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013, með síðari breytingum. Jafnframt var fyrirtækinu veittur frestur til 6. júní 2024 til að ráðast í úrbætur.

Í kjölfar framangreinds óskaði handhafi markaðsleyfis plöntuverndarvörunnar Dicotex (UST202303-184) eftir breytingu á markaðsleyfi hennar þannig að vöruheitinu Dicophar SL yrði bætt við leyfið með hliðsjón af því að varan er með sömu efnasamsetningu og Dicotex. Á þetta hefur Umhverfisstofnun fallist og breytt markaðsleyfinu til samræmis við ósk handhafa markaðsleyfisins. Jafnframt hefur stofnunin leiðrétt leyfið hvað varðar leyfða umbúðastærð vörunnar og er nú heimilt að markaðssetja hana í 100 mL og 500 mL HDPE/EVOH umbúðum og 1 L og 5 L HDPE/EVOH og PET umbúðum.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á markaðsleyfi Dicotex er Eco-Garden ehf. því heimilt að markaðsetja vöruna hvort sem er undir vöruheitinu Dicotex eða Dicophar SL og tímabundin stöðvun markaðssetningar vörunnar undir heitinu Dicophar SL þ.a.l. ekki lengur í gildi. Stofnunin gerir engar frekari athugasemdir vegna málsins og telst því lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með tiltekinni vöru og því aðeins gerðar athugasemdir við hana. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Eco-Garden ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við 38. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 83.200.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Marta Mirjam Kristinsdóttir
lögfræðingur